

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli, Lindargötu
101 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 20. október 2024

Efni: Drög að frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl (nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl)

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar drög að frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl.) (hér eftir „frumvarpið“) sem birtust á samráðsgátt stjórnvalda 15. október sl. FA gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

I. Frestur til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda

Fyrsta athugasemdin snýr að fresti hagsmunaaðila til að skila inn umsögn við frumvarpið á samráðsgátt stjórnvalda. Þegar áform um frumvarpið komu inn á samráðsgátt í september sl. var of skammur frestur gefinn til samráðs og var það ein af þeim athugasemdum sem FA skilaði inn varðandi áformin. Í núverandi máli er frestur til samráðs enn styttri en þegar áformin voru inni á samráðsgátt eða aðeins rúmir fimm dagar, þar af falla tveir dagar á laugardag og sunnudag. Hæfilegur frestur skal gefinn til athugasemda þegar drög að frumvarpi eru kynnt til samráðs eða a.m.k. tvær til fjórar vikur.¹ Er núverandi frestur langt undir þeim tíma sem upp er gefinn. Félagið áttar sig fyllilega á þeirri staðreynd að leggja þurfi þunga í ákveðin mál þar sem knappur tími er til stefnu en þó er nauðsynlegt að hagsmunaaðilar geti kynnt sér þau mál sem koma inn á samráðsgáttina svo hægt sé að skrifa vandaða umsögn og hagsmunaaðilar missi hreinlega ekki af atriðum sem gera þarf athugasemdir við. Slíkt er í anda sjónarmiða um vandaða löggjöf.

II. Breytingar á búvörulögum

Félagið fagnar þeirri breytingu sem lögð er til með 9. gr. í frumvarpinu er varðar breytingar á búvörulögunum að árinu 2025 sé bætt við EE-lið laganna. FA ítrekar þó fyrri umsögn sína sem send var inn á samráðsgátt vegna áforma frumvarpsins og varðaði m.a. búvörulögin. Tímabil tolla sem nú er að finna í búvörulögum þarf að endurskoða til að koma til móts við grænmetisshort hér á landi sem hagnast engum.

¹ Samþykkt ríkisstjórnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna frá 24. febrúar 2023, 9. gr.

III. Breytingar á tollalögum

FA fagnar jafnframt þeirri breytingu er lögð er fram og varðar greiðslufrest við uppgjör á bráðabirgðatollafgreiðslu og tollafgreiðslu á grundvelli neyðarleyfis. Í langflestum tilvikum þegar um bráðabirgðatollafgreiðslu er að ræða, eða neyðarleyfi, eru það viðkvæmar vörur, s.s. lyf eða viðkvæmar matvörur. Með breytingunum er skilvirkni betur tryggð í afhendingu á þessum viðkvæma varningi.

IV. Breytingar á lögum um gistináttaskatt

Liggur fyrir skv. frumvarpinu að hækka eigi gistináttaskatt. Þrátt fyrir að um lágar upphæðir sé að ræða er þó um að ræða riflega 33% hækkun á gistináttaskatt fyrir gistað sem hefur rekstrarleyfi í flokki II-IV, sbr. 3. gr. laga um veitingastaði, gistaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, sem og tjaldstæði og stæði fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi. Þá er 250% hækkun vegna farþega á skemmtiferðaskipi. Með þeirri breytingu er verið að afnema gistináttaskatt vegna farþega á skemmtiferðaskipi og þess í stað setja innviðagjald.

Að undanförunu hafa verið blikur á lofti varðandi þróun ferðaþjónustunnar. Ferðamálastofa gaf út uppfærða spá í júní sl. þar sem fram kom að fjöldi ferðamanna fyrstu mánuði ársins 2024 hafi verið nokkuð undir fyrri spá en jafnframt hefur dregið úr væntingum um komu ferðamanna til Íslands.² Nefnir Ferðamálastofa að ferðaþjónusta annars staðar á Norðurlöndunum nái betur til sinna markhópa og sé að taka til sín stærri skerf, á kostnað Íslands. Hluta af ástæðu fækkunar ferðamanna megi rekja til of hás verðlags hér á landi. Þá hafi gistinóttum fækkað um 18% milli ára, m.v. maí 2024 og maí 2023.³ Þess ber einnig að geta að formaður Samtaka ferðaþjónustunnar hefur bent á að fjöldinn sé ekki að minnka heldur dvalartími erlendra ferðamanna að styttest. Vegna þessa séu ferðamenn líklegir til að staldra við á suðvesturhorninu og fara í styttri ferðir.⁴

Óumflýjanleg afleiðing af hækkun á gistináttaskatti er að gistaðir hækki verð hjá sér en eins og bent er á hér að ofan eru áhyggjur vegna of hás verðlags og fækkunar ferðamanna nú þegar verulegar og ekki að ástæðulausu. FA biðlar því til ráðuneytisins að leggja til að gistináttaskatti verði haldið óbreyttum, sérstaklega nú þegar staðir sem eru langt frá suðvesturhorninu, líkt og Vestfirðir, Norðausturland og Austurland, eru að fá færri ferðamenn til sín sem, eðli máls samkvæmt, gerir brothættar byggðir á landsbyggðinni enn brothættari.

V. Breytingar á lögum gjald af áfengi og tóbaki

Lagt er til í frumvarpinu að leggja sérstakt gjald á nikótínvörur, vökva í einnota rafrettum og vökva til áfyllingar fyrir rafrettur. FA sýnir því skilning að leggja eigi gjald á rafrettuvökva og aðrar nikótínvörur

² Ferðamálastofa, *Uppfærð spá Ferðamálastofu um fjölda ferðamanna lækkar frá fyrri spá*, <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/uppfaerd-spa-ferdamalastofu-um-fjolda-ferdamanna-laekkar-fra-fyrri-spa>

³ Ríkisútvarpið, *Erlendir ferðamenn leita annað vegna hás verðlags*, <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2024-07-10-erlendir-ferdamenn-leita-annad-vegna-has-verdlags-417431>

⁴ Ríkisútvarpið, *Óttast tekjumissi vegna fækkunar ferðamanna*, <https://nyr.ruv.is/frettir/innlent/2024-06-09-ottast-tekjumissi-vegna-faekknunar-ferdamanna-415234>

en gerir eftirfarandi athugasemdir ásamt félaginu. FA telur að eins og frumvarpsdrögnum er stillt upp, muni skattlagningin skapa kolranga hvata út frá lýðheilsusjónarmiðum.

a. Reyklaus tóbaksfyrirtæki

Tvö stærstu tóbaksfyrirtæki heims eru Philip Morris (PMI) og British American Tobacco (BAT). Bæði fyrirtækin hafa sett sér það markmið að verða reyklaus (e. smokeless / smoke-free). Ástæðan fyrir þessu er hve skaðlegar tóbaksreykingar eru og hafa bæði fyrirtækin fjallað opinskátt um þessa vegferð sína.⁵

Verkefni BAT, „A Better Tomorrow“, miðar að því að breyta fyrirtækinu með því að draga úr heilsufarsáhrifum tóbaksvara þeirra. Í staðinn hefur BAT lagt áherslu á þróun og kynningu á áhættuminnkandi vörum, svo sem rafrettum og nikótínþúðum. Markmið verkefnis BAT er að svara áhyggjum almennings um skaðsemi tóbaksreykinga og telur BAT að með minni tóbaksreykingum sé hægt að stuðla að heilsusamlegri lífi með skaðminni nikótínþúfum.

Verkefni PMI stefnir að því að útrýma hefðbundnum sígarettum að fullu. Verkefnið þeirra um „reyklausa framtíð“ (e. smoke-free future) snýst um að skipta út sígarettum fyrir vörur eins og nikótínþúða og rafrettur. PMI hefur fjárfest í rannsóknum og þróun til að bjóða upp á vísindalega studdar lausnir sem eru minna skaðlegar en reyktóbak. PMI vill hvetja reykingafólk til að skipta yfir í reyklaugar vörur, í stað þess að halda áfram að reykja. Lokamarkmið þeirra er að útrýma reykingum alfarið og hvetja til samfélagslegra breytinga í reykingavenjum.

Bæði fyrirtæki stefna að reyklusum vörum sem kjarnanum í langtímastefnu sinni til að svara heilsufarsþróun vegna skaðsemi tóbaks og aukinni eftirspurn eftir minna skaðlegum nikótínlausnum.

Skattlagning nikótínvara ætti að miða að því að auðvelda nikótínneytendum að velja skaðaminni kosti.

b. Skaðsemi tóbaksvara

Margar rannsóknir staðfesta að tóbaksvörur séu mun skaðlegri en nikótínvörur án tóbaks, eins og rafrettur eða nikótínþúðar. Til dæmis sýndi rannsókn frá King's College London að notkun rafrettna minnkar verulega útsetningu fyrir krabbameinsvaldandi efnum, lungnasjúkdómum og hjarta- og æðasjúkdómum, samanborið við reykingar á hefðbundnum sígarettum.⁶

⁵ Philip Morris, *Delivering a smoke-free future*, <https://www.pmi.com/our-progress/delivering-a-smoke-free-future>, og British American Tobacco, *A Better Tomorrow; Building a Smokeless World*, <https://www.bat.com/strategy-and-purpose/a-better-tomorrow>

⁶ King's College London, *Vaping substantially less harmful than smoking, largest review of its kind finds*, <https://www.kcl.ac.uk/news/vaping-substantially-less-harmful-than-smoking-largest-review-of-its-kind-finds>

Að auki sýndi rannsókn sem birtist í BMJ Journals; Tobacco Control að tóbaksreykur inniheldur mun hærrí styrk krabbameinsvaldandi efna en gufa úr rafrettum, sem þýðir að reykingar auka verulega líkur á krabbameini samanborið við notkun rafrettna.⁷

Public Health England hefur einnig staðfest að rafrettur hafa í för með sér aðeins lítinn hluta af þeirri áhættu sem fylgir reykingum og metur að þær séu um 95% minna skaðlegar en hefðbundnar tóbaksvörur. Þessi úttekt, unnin af virtum stofnunum, t.d. King's College London og Queen Mary University, bendir til þess að rafrettur geti hjálpað til við að draga úr heilsufarslegum ójöfnuði sem orsakast af reykingum og hjálpað fólki við að hætta að reykja.⁸

Með réttu skal benda á að nikótín er ávanabindandi efni sem getur haft eitrandi áhrif í mjög miklu magni, sem rannsóknir sýni að séu jafnvel yfir 500 mg. Nikótín er þó ekki krabbameinsvaldandi.⁹ Þá sýna rannsóknir sem bera saman áhættu við notkun á mismunandi tóbaks- og nikótínvörum fram á að tóbakslausir nikótínþúðar sé enþá skaðminni en rafrettur.¹⁰

c. Gjaldtaka í öðrum ríkjum

Þess ber einnig að geta að breska þingið vinnur að skattlagningu á nikótínvörum, með áherslu á rafrettuvökva, sem mun taka gildi árið 2026. Verður skattlagning háð nikótíninnihaldi í rafrettuvökvanum. Þannig verður nýr skattur lagður á rafrettuvökva frá og með 1. október 2026 með stigvaxandi skattprósentu eftir styrkleika nikótíns. Fyrir vökva án nikótíns verður skatturinn £1 fyrir hverja 10 ml, fyrir vökva með nikótíninnihaldi 0,1-10,9 mg/ml verður það £2, og fyrir vökva með herra nikótíninnihaldi (yfir 11 mg/ml) verður skatturinn £3 á 10 ml.

Þessi breyting er hluti af viðleitni til að draga úr notkun ungs fólks á nikótínvörum og hvetja notendur til að velja veikari eða nikótínlausar vörur. Á sama tíma er einnig fyrirhugað að hækka tóbaksgjöld um £2 á hverjar 100 sígarettur eða 50 grömm af tóbaki. Þetta er gert til að viðhalda hvatanum fyrir reykingamenn til að skipta yfir í minna skaðlegar rafrettur.¹¹

⁷ BMJ Journals; Tobacco Control, *Comparing the cancer protencies of emissions from vapourised nicotine products including e-cigarettes with those of tobacco smoke*, <https://tobaccocontrol.bmj.com/content/27/1/10>

⁸ Gov.uk, *E-cigarettes around 95% less harmful than tobacco estimates landmark review*, <https://www.gov.uk/government/news/e-cigarettes-around-95-less-harmful-than-tobacco-estimates-landmark-review>

⁹ World Health Organization, *Does nicotine cause cancer?*, <https://cancer-code-europe.iarc.fr/index.php/en/ecac-12-ways/tobacco/199-nicotine-cause-cancer> og Cancer Research UK, *Is vaping harmful?*, <https://www.cancerresearchuk.org/about-cancer/causes-of-cancer/smoking-and-cancer/is-vaping-harmful>

¹⁰ F1000 Research, Murkett, R., Rugh, M. og Ding, B., *Nicotine products relative risk assessment: an updated systematic review and meta-analysis*, <https://f1000research.com/articles/9-1225>, National Library of Medicine, Azzopardi, D., Liu, C. og Murphy, J., *Chemical characterization of tobacco-free “modern” oral nicotine pouches and their position on the toxicant and risk continuums*, <https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/34034614/>

¹¹ HM Treasury og HM Revenue & Customs, *Vaping Products Duty consultation*, mars 2024, https://assets.publishing.service.gov.uk/media/65e80ba108eef600115a5621/Vaping_Products_Duty_Consultation.pdf

Þessi þróun fylgir svipaðri stefnu í mörgum öðrum löndum sem hafa nú þegar lagt álögur á rafrettuvökva eftir styrkleika nikótíns, eins og Svíþjóð og Danmörk. Í Danmörku er miðað við rafrettuvökva sem inniheldur 12 mg af nikótíni eða minna en þá eru lagðar DKK 1,5 á hvern millilítra og DKK 2,5 á rafrettuvökva sem inniheldur meira en 12 mg af nikótíni.¹² Í Svíþjóð er vökvum fyrir rafrettur einnig skipt í tvo flokka, annars vegar rafrettuvökva með nikótín magni undir 15 mg/ml, með álagningu SEK 2.020.-, á hvern lítra og hins vegar 15 mg/ml eða meira af nikótín magni, með álagningu SEK 4.040.- á hvern lítra.¹³ Samanburðartöflu má sjá hér að neðan:¹⁴

Ríki	Gjald fyrir hvern millilítra í rafrettuvökva í ISK
Bretland	18 / 36 / 54 kr. (áætluð breyting)
Danmörk	30 / 50 kr.
Ísland	60 kr. (skv. framlögðu frumvarpi)
Svíþjóð	27 / 53 kr.

Að ofangreindu er ljóst að önnur ríki líta til styrkleika þegar kemur að gjaldtöku á nikótínvörum, líkt og rafrettuvökva. Eins og kemur fram að ofan liggur einnig fyrir hjá breska þinginu að hækka tóbaksgjöld til að hvetja neytendur að velja fremur skaðaminni nikótínvörur en tóbaksvörur líkt og sígarettur.

d. Lýðheilsa

FA, líkt og er tekið fram hér ofar, sýnir því skilning að lagt sé gjald á nikótínvörur. Hins vegar taki gjaldið mið af þyngd en ekki styrkleika nikótínvara sem þykir miður og óheppileg nálgun sem er heldur ekki í samræmi við gjaldtöku í nágrennaríkjum. Þá er gjaldið einnig mikið hærra en er t.a.m. í Bretlandi, Danmörku og Svíþjóð og dregur því úr þeim hvata að velja fremur skaðaminni leið með nikótínvörum en með tóbaksvörum. Einnig taka þessi ríki tillit til styrkleika nikótíns sem, eðli máls samkvæmt, leiðir til lægra smásöluverðs á nikótínþúðum og rafrettuvökva sem inniheldur lægri styrk nikótín magns. Er það hvatning til þeirra sem nota nikótínvörur að kaupa þær vörur sem innihalda lægri styrk nikótíns.

Í greinargerð með frunvarpinu eru gefin dæmi um hækkun á hverja dós af nikótínþúðum. Kemur þar fram að hækkun á staðlaðri 15 gramma dós væri 450 kr. Til samanburðar er tóbaksgjald á einn pakka af vindlingum/sígarettum 604 kr. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er orðinn alltof lítill munur á nikótíngjaldi og tóbaksgjaldi. Gengur það gegn lýðheilsu markmiðum um að minnka tóbaksreykingar. Gífurleg minnkun hefur orðið á tóbaksreykingum á síðustu áratugum en markviss vinna hefur stuðlað

¹² Retsinformation, *Lov nr. 2616 af 28/12/2021*, 13. gr. a, <https://www.retsinformation.dk/eli/lt/2021/2616>

¹³ Skatteverket, *Nicotinskatt*,

<https://www.skatteverket.se/foretag/skatterochavdrag/punktskatter/nicotinskatt.4.41f1c61d16193087d7fc7fe.htm>

¹⁴ Miðað er við gengi á þeim degi er umsögn er skilað.

að því og hefur verið í gangi yfir langan tíma.¹⁵ Lítil munur á skattlagningu tóbaks og skaðaminni nikótínvara er ekki líklegur til að hjálpa til við að ná markmiðum um reyklaust Ísland.¹⁶

FA vill einnig koma á framfæri að ásamt fyrirhugaðri gjaldtöku sé mikilvægt að grípa til forvarna í þágu lýðheilsu. Í dag er aðeins einn starfsmaður hjá Húsnaðis- og mannvirkjastofnun (hér eftir „HMS“) sem sinnir eftirliti með verslunum sem selja nikótínvörur. Að mati hópsins er nauðsynlegt að tekjur af fyrirhuguðu nikótín gjaldi renni að hluta til HMS svo hægt sé að betrubæta eftirlit og tryggja að allar verslanir fari að þeim lögum og reglugerðum sem gilda um starfsemina.

e. Jafnræðissjónarmið

Lagt er til með frumvarpinu að leggja gjald á nikótínvörur sem falla undir lög um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018. Gjaldið muni ekki ná til rafrettna sem flokkast sem lækningatæki eða nikótínvara sem flokkast sem lyf samkvæmt lyfjalögum. Hvergi í frumvarpinu eða greinargerðinni er fjallað um mun á fyrrnefndum vörum eða sýnt fram á að nikótínvörur sem flokkast sem lyf séu minna ávanabindandi en aðrar nikótínvörur. FA bendir hér aftur á rannsókn Public Health England sem fjallar um nikótínvörur til að aðstoða neytendur við að hætta að reykja. Nikótínþúðar eru tiltölulega ung vara og því ekki til margar rannsóknir sem hafa verið unnar varðandi árangur nikótínþúða samanborið við aðrar nikótínmeðferðir, líkt og tyggjó eða plástra. Nikótínþúðar eru minna áberandi en t.d. þegar verið er að tyggja tyggjó og þá er hægt að fá þúða í mismunandi styrkleikum sem gefur neytendum kost á að trappa niður nikótín magnið. Þá hafa nikótínplástrar t.d. ýmsar aukaverkanir sem t.d. nikótínþúðar hafa ekki, líkt og húðertingu (roði, kláði, útbrot) og jafnvel svefntruflanir ef plástur er notaður í svefni. Þó ber að nefna að með innkomu nikótínþúða á markaðinn hefur notkun Íslendinga á neftóbaki undir vör snarminnkað og rætt hefur verið um að hætta eigi framleiðslu á neftóbaki.¹⁷ Getur það ekki talist annað en jákvætt m.t.t. hve skaðlegt neftóbak er í samanburði við nikótínþúða.

Mikilvægt er að rökstudd sé sú ákvörðun hvers vegna neytendur, sem vilja gjarnan hætta að nota tóbak eða minnka nikótíninntöku sína, þurfi að sætta sig við að gjald sé innheimt af einni nikótínvöru á meðan það sé ekki gert af annarri. Það er viðurkennt að ein ríkisaðferð henti ekki öllum þegar verið er að hætta að reykja eða minnka nikótínnotkun.¹⁸ Á meðan einum hentar að nota plástra hentar öðrum betur að nota nikótínþúða á meðan sá þriðji notar rafrettur. Þá er hægt er að fá rafrettuvökva og nikótínþúða sem innihalda ekkert nikótín magn. Skapar þetta ójafnræði milli neytenda og leggur meiri kvaðir á þann hóp sem leitar í rafrettur og nikótínþúða til að minnka eða hætta sinni tóbaks-eða nikótínnotkun.

¹⁵ Læknablaðið, *Breytingar á reykingavenjum miðaldra og eldri Íslendinga síðastliðin þrjátíu á rog ástæður þeirra. Niðurstöður úr hóprannóknum Hjartaverndar*, <https://www.laeknabladid.is/2003/6/fraedigreinar/nr/1329>

¹⁶ Vísir, *Reyna að ná til nýbúa til að Ísland verði fyrsta reyklausa þjóðin*, <https://www.visir.is/g/20242632063d/reyna-ad-na-til-nybua-til-ad-islund-verdi-fyrsta-reyklausa-thjodin>

¹⁷ Ríkisútvarpið, *Íhuga að hætta framleiðslu íslenska neftóbaksins*, <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2024-05-22-ihuga-ad-haetta-framleidslu-islenska-neftobaksins-413393>

¹⁸ Heilsuvera, *Viltu hætta að nota tóbak eða nikótín?*, <https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/afengi-og-tobak/viltu-haetta-ad-nota-tobak-eda-nikotin/>

Einnig vill FA taka fram það ósamræmi sem felst í drögnum hvað varðar fyrirhugaða gjaldtöku milli rafrettuvökva annars vegar og annarra nikótínvara annars vegar. Samkvæmt upplýsingum sem FA hefur aflað frá félagsmönnum sem selja rafrettur og vökva í þær og nikótínþúða leiðir þetta til ójafnvægis milli þeirra sem nota rafrettur annars vegar og nikótínþúða hins vegar. Fyrir neytanda sem neytir hóflega mikils nikótíns í gegnum rafrettu dugar 2 ml rafrettuvökvi neytandanum í fjóra til sex daga. Til samanburðar tæki það neytanda sem neytir sama magns í formi nikótínþúða tvo til fjóra daga að klára dós. Af þessu leiðir að neytandi sem notar nikótínþúða borgar hærri gjöld en sá sem notar rafrettur vegna mismunandi eðlis varanna.

f. Samantekt

Eins og farið er yfir hér að ofan er skaðsemi tóbaksreykinga mun meiri en notkun nikótínvara, s.s. nikótínþúða og rafrettna. Þá hafa nágrannaríki stigið skref sem styðja við lýðheilsu þegar kemur að skattlagningu nikótínvara.

FA mótmælir harðlega núverandi breytingum sem lagðar eru til varðandi gjaldtöku á nikótínvörur og rafrettuvökva. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður sama gjald lagt á nikótínþúða og rafrettuvökva sama hver styrkleiki nikótíns í vörunum er. Með frumvarpinu er ekki einungis verið að jafna leikinn á milli tóbaksvara, sem eru mun skaðlegri neytendum, og nikótínvara, heldur er hvatinn enginn fyrir neytendur að trappa sig niður þegar kemur að styrkleika nikótíns í vörunum, þvert á það sem önnur ríki hafa gert í kringum okkur.

FA leggur til að fyrirhuguð gjöld á nikótínvörur og rafrettuvökva verði lækkuð svo að enn sé hvati fyrir neytendur að kaupa nikótínvörur fremur en tóbaksvörur enda mikill munur á skaðsemi varanna. Með lækkun gjaldanna væri einnig ávinningur sem myndi skila sér til heilbrigðiskerfisins þar sem áfram væri hvati til að velja fremur skaðaminni nikótínvörur en skaðlegar tóbaksvörur. Hér ber jafnframt að hafa í huga áhrif verðhækkana á vörunum á verðlag í landinu og markmið fjárlagafrumvarpsins um hjöðnun verðbólgu.

Ennfremur hvetur FA til þess að gjöldunum verði breytt og tillit tekið til styrkleika varanna þar sem nikótínvörur og rafrettuvökvar hér á landi eru allt frá því að vera nikótínlaus (0 mg/ml / g per þúða) upp í 20 mg/ml / g per þúða. Með því að hafa gjaldið þrepaskipt er hægt að hvetja neytendur til að kaupa nikótínvörur og rafrettuvökva sem innihalda minni styrk og meiri hvati myndast fyrir neytendur að trappa niður notkun sína.


Í þriðja lagi biður FA um rökstuðning ráðuneytisins fyrir því hvers vegna neytendur þurfi að þola gjaldtöku á hluta nikótínvara á meðan aðrar nikótínvörur séu undanskildar gjaldtöku.

Að lokum ítrekar FA að HMS fái fjárveitingar svo stofnunin geti haft skilvirkt eftirlit með markaðnum, en því hefur verið ábótavant hingað til.

VI. Að lokum

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum við frumvarpið og tengd mál á síðari stigum. Takmarkaður tími var gefinn til umsagnar og telur FA það ámælisvert. Þá er félagið ávallt reiðubúið að funda með ráðuneytinu vegna frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur